

Ná.

88. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla /jarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Flutningsm: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, skal koma ný grein, svo látandi: Með sama hætti mega þeir menn allir greiða atkvæði sín, sem eru ekki ferðafærir og komast því eigi á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði, ef kostur er, ella með vitni tveggja valinkunnra manna.

Húsráðandi gefur vottorð það, er skipstjóri gefur eftir 4. gr., þegar kosið er eftir þessari grein. Um atkvæðisgreiðslu hans fer sem um atkvæðisgreiðslu skipstjóra, að breyttu breytanda.

2. gr.

1. grein skal sett inn í lög, og getur konungur þá gefið lög út með þessari breytingu.

Greinargerð.

Þar sem óþolandi er, að menn missi af atkvæðisrjetti sínum sakir sjúkleika, slysfara, ellilasteika eða annara slíkra forfalla, þá tel jeg þessa lagabreytingu eigi mega bíða.

Frumvarp þetta flutti jeg áður á Alþingi 1921, og fylgdi því þá samhljóða greinargerð.